



## Skilmálar internetþjónustu Vodafone

1. Skilmálar þessir gilda fyrir alla notkun á internetþjónustu Vodafone. Ef ekki er öðru vísi kveðið á um í skilmálum þessum gilda almennir skilmálar Vodafone um fjarskiptaþjónustu að öðru leyti.
2. Vodafone áskilur sér rétt til að færa þjónustu áskrifanda yfir á eigið kerfi af kerfi annara rekstraraðila.
3. Vodafone lætur áskrifanda í té aðgang að Internet- og tölvupóstþjónustu sinni. Ef notandi afhendir öðrum aðilum lykilorð sitt gerir hann það á eigin ábyrgð. Áskrifandi sem skráður er fyrir þjónustunni ber fulla ábyrgð á allri notkun henni tengdri. Eingöngu skráðir áskrifendur Vodafone geta nýtt sér aðgang að fríþjónustu. Áskrifendum Vodafone er með öllu óheimilt að nota aðgang sinn til að komast yfir upplýsingar um aðra notendur á nettengingu Vodafone, aðrar en þær sem veittar eru í opnum gagnagrunnum á Internetinu.
4. Uppsetning á hugbúnaði er ávallt á ábyrgð áskrifanda og ber Vodafone því ekki ábyrgð á tjóni sem notkun eða uppsetning kann að valda.
5. Vodafone ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að skapast vegna notkunar á tengingu við Internetið eða sambandsleysis við það. Áskrifandi ber sjálfur ábyrgð á afritatöku af þeim gögnum sem geymd eru á heimasvæði hans. Vodafone ber ekki ábyrgð á tjóni sem þriðji aðili kann að valda.
6. Áskrifanda er óheimilt að trufla, skerða eða á nokkurn hátt hafa áhrif á notkun annarra viðskiptavina, til dæmis með fjöldapóstsendingum. Áskrifanda er óheimilt að hýsa efni sem brýtur í bága við íslensk lög á heimasvæði sínu eða láta slíkt efni liggja á lausu á vefsvæðum. Áskrifendur skulu virða almennar umgengnisreglur sem settar eru á Internetinu.
7. Fari áskrifandi yfir keypt niðurhal áskilur Vodafone sér rétt til að bæta við aukaniðurhali, allt að þrisvar sinnum, umfram það sem er innifalið í áskriftarleið hans. Gjald vegna aukaniðrhals er tilgreint í gildandi verðskrá hverju sinni. Ef niðurhal þriðja aukaniðrhalspakkans klárast áskilur Vodafone sér rétt til að hægja á nettengingunni. Ef upphal áskrifanda verður meira en innifalið niðurhal í áskriftarleið hans áskilur Vodafone sér rétt til að hægja á upphalinu út gildandi áskriftartímabil. Sé áskrifandi á þjónustuleið með ótakmörkuðu gagnamagni áskilur Vodafone sér rétt til að fylgjast með heildarnotkun áskrifanda m.t.t. gagnamagnsnotkunar og grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. hægja á interneti, sé notkun hans óhæfileg að mati Vodafone.
8. Vodafone tryggir ekki að tengihraði notanda sé sá sami og áskrift hans segir til um. Hraði tengingar er ávallt háður gæðum línu þeirrar er liggur til notanda, fjarlægð notanda frá símstöð, álags á línu og öðrum þáttum.
9. Um uppsagnir þjónustu fer skv. almennum skilmálum um fjarskiptaþjónustu.
10. Brot á ofangreindum skilmálum getur valdið tafarlausri lokun á þjónustu.
11. Skilmálar þessir eru gefnir út þann 25. maí 2018 og taka gildi þann 1. júlí 2018. Fram að þeim tíma gilda eldri skilmálar Internetþjónustu frá 1. október 2015.